



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2020

**Sölu- og afhendingarbann á leikfangakörfu og snudduböndum  
hjá Mosi Butik**

**I.  
Málsmeðferð**

**1.**

Neytendastofu barst ábending um að leikfangakarfa frá netversluninni Mosi Butik ([www.mosibutik.is](http://www.mosibutik.is)), sem rekin er af Eiderway ehf., væri ekki CE-merkt. Einnig barst ábending um að snuddubönd sem sold voru í versluninni uppfylltu ekki viðeigandi kröfur.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. september 2019, óskaði stofnunin eftir upplýsingum um leikfangakörfuna með vísan til laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig óskaði Neytendastofa eftir gögnum um snuddubönd sem markaðssett voru á heimasíðu netverslunarinnar með vísan til laga nr. 134/1995. Í tölvubréfi frá Eiderway þann 21. september 2019, kom fram að allar vörurnar kæmu CE-vottaðar frá framleiðanda og fylgdu myndir af merkingum á leikfangakörfunni og snudduböndunum. Í kjölfarið sendi Neytendastofa annan póst, dags. 9. október 2019, þar sem ítrekuð var ósk Neytendastofu um tæknigögn, s.s. EB-samræmisfirlýsing, öryggismat, gerðarprófunarvottorð og prófunarskýrslu. Engin gögn bárust.

Með bréfi, dags. 13. nóvember 2019, var tímabundið sölubann lagt á vörurnar, ásamt því sem óskað var eftir nánari gögnum. Þá var Eiderway leiðbeint um þær kröfur sem gerðar eru annars vegar til snuddubanda og hins vegar leikfanga. Eiderway sendi inn gögn vegna snuddubanda með tölvupósti þann 25. nóvember 2019. Í gögnunum sem fylgdu kom ekki fram að þau væru framleidd né prófuð samkvæmt viðeigandi evrópskum staðli ÍST EN 12586:2007+A1:2011. Með bréfi, dags. 17. desember 2019, tók Neytendastofa ákvörðun um að framlengja tímabundið sölu- og afhendingarbann til 3. janúar 2020 með vísan til þess að fullnægjandi gögn hafi ekki borist. Engin frekari gögn bárust.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta varðar öryggi leikfangakörfu og snuddubanda sem markaðssett voru í vefverslun Eiderway. Ekki var sýnt fram á að fímm tegundir snuddubanda undir heitinu „Snudduband“ og tvær tegundir snuddubanda undir heitinu „Snuddubönd 3 saman“ uppfylltu öryggiskröfur. Þrátt fyrir ítrekun Neytendastofu bárust hvorki fullnægjandi gögn sem sýnt gátu fram á samræmi leikfangsins né snuddubandanna við kröfur sem gerðar eru til markaðssetningar og sölu á þeim.

Í leikfangaköfunni mátti m.a. finna raksápubursta, álvír, sigti, tréskífur, plastkeðju ásamt fleiri smáhlutum. Engar viðvörunarmerkingar eða leiðbeiningar voru sjáanlegar á mynd af vörunum á heimasíðu [www.mosibutik.is](http://www.mosibutik.is). Auk þess voru engar merkingar um framleiðanda og framleiðslunúmer. Engar viðvörunarmerkingar var að sjá um að varan væri ekki ætluð til notkunar barna undir 36 mánaða aldri og því má ætla að varan hafi verið ætlað ungu börnum. Engin gögn um samræmi vörunnar við lágmarksöryggiskröfur bárust.

Tímabundið sölubann var lagt á snudduböndin og leikfangakörfuna með bréfi, dags. 13. nóvember 2019 og var það framlengt með ákvörðun um tímabundið sölubann, dags. 17. desember 2019.

### 2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

*“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis. “*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:“*

*1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*



2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.

3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hætta af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vörubiðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnavaldfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laganna, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi þeirra en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Snuddubönd verða að vera í samræmi við þær grunnkröfur sem settar eru fram í lögum nr. 134/1995. Hönnun og framleiðsla snuddubanda eiga að vera í samræmi við staðalinn ÍST EN 12586:2007+A1:2011 Hlutir til að nota við barnaumönnun – Snuðkeðja – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir (e. Child care articles – Soother holder – Safety requirements and test methods).

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er framleiðandi sá einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir leikfang eða lætur framleiða eða hanna leikfang og markaðssetur leikfangið undir sínu nafni eða vörumerki.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er kveðið á um skyldur framleiðanda. Framleiðendur mega aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. Áður en að leikfang er sett á markað skal framleiðandi, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

„1. tryggja að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi,

2. greina hættu sem getur stafað af leikfanginu með tilliti til íðefna, efnislegra og kraftrænna eiginleika, rafmagns, eldfimi, hollustuháttu og geislavirkni, ásamt mati á hugsanlegum váhrifum slíkrar hættu,

3. útbúa tæknigögn í samræmi við 19. gr. og framkvæma eða láta framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skv. 17. gr. Ef sýnt er fram á að



- leikfang uppfylli viðeigandi kröfur með þessum aðferðum skal framleiðandi útbúa EB-samræmisyfirlýsingu, sbr. 13. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 15. gr.,*
- 4. varðveita tæknigögn og EB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett á markað,*
- 5. tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun og eiginleikum leikfangs og breytinga á samhæfðum stöðlum sem EB-samræmisyfirlýsingin miðast við,*
- 6. tryggja að leikfang hans beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað tákni sem gerir kleift að bera kennsl á það eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu veittar á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,*
- 7. tilgreina á leikfanginu nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem má hafa samband við hann eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu. Óheimilt er að tilgreina fleiri en einn stað sem heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við framleiðanda,*
- 8. tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,*
- 9. tryggja að leikfang beri viðvörunarmerkingar skv. 10. gr. “*

Leikfang á ekki að vera markaðssett fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áfesting CE-merkisins er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014 skulu leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Ekki er heimilt að festa CE-merkið á leikföng nema að undangengnu samræmismatsferli.

Framleiðendum ber skylda til að hafa tæknigögn til reiðu að rökstuddri beiðni Neytendastofu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir m.a. staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum ÍST EN 71-1:2014 Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafraenir og efnislegir eiginleikar er að finna nánar ákvæði um merkingar og viðvaranir á leikföngum, m.a. vegna leikfanga sem ætluð eru börnum undir þriggja ára aldri. Til leikfanga sem ætluð eru börnum undir þriggja ára aldri eru gerðar sérstaklega ríkar öryggiskröfur.

### 3.

Neytendastofa óskaði eftir gögnum vegna fimm tegunda snuddubanda undir heitinu „Snudduband“ og tveggja tegunda snuddubanda undir heitinu „Snuddubönd 3 saman“ sem voru til sölu hjá Eiderway þann 4. september 2019. Stofnuninni barst skjal um snudduband af



tegundinni Model: L01. Ekki er mynd af snuddubandinu á skjalinu og ekkert snudduband undir því heiti er markaðssett hjá Eiderway. Skjalið sem barst sýndi ekki fram á að snuddubandið sem það átti við um væri í samræmi við staðalinn ÍST EN 12586:2007+A1:2011.

Þrátt fyrir ítrekun Neytendastofu bárust ekki önnur gögn vegna snuddubandanna. Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki hafa verið sýnt fram á öryggi snuddubandanna og með markaðssetningu þeirra hafi Eiderway brotið gegn 8. og 9. gr. laga nr. 134/1995, sbr. staðalinn ÍST EN 12586:2007+A1:2011 Hlutir til að nota við barnaumönnun – Snuðkeðja – Öryggiskröfur og þróunarðferðir.

#### 4.

Neytendastofa óskaði einnig eftir gögnum vegna leikfangakörfunnar „Gersemi körfu“. Engin EB-samræmisyfirlýsing, tæknigögn né öryggismat hafa verið lögð fram vegna „Gersemi körfu“. Telur Neytendastofa því að ekki hafi verið sýnt fram á öryggi leikfanganna og þar með hefur Eiderway brotið gegn m.a. 8. og 9. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 3. og 9. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Einnig hefur Eiderway brotið gegn skyldum sínum sem framleiðandi skv. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014 m.a. með því að framkvæma ekki eða láta framkvæma samræmismat og útbúa viðeigandi gögn sem sýna fram á samræmi vörunnar, ásamt öðrum skyldum sem tilgreindar eru í nefndu ákvæði.

#### 5.

Með vísan til alls framangreinds telur Neytendastofa rétt með vísan til 20. og 21. gr. laga nr. 134/1995 að banna sölu og afhendingu á „Gersemi körfu“ og á fimm tegundum af snudduböndum undir heitinu „Snudduband“ og tveimur tegundum undir heitinu „Snudduband 3 saman“. Þá gerir Neytendastofa Eiderway að innkalla „Gersemi körfu“ frá neytendum (sjá fylgiskjal) þar sem hlutir í henni geta að mati Neytendastofu verið hættulegir ungu börnum.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

### III. Ákvörðunarorð:

**„Eiderway ehf, rekstraraðili mosibutik.is, Naustabryggju 36, 110 Reykjavík hefur, brotið gegn 8. og 9. gr. laga nr. 134/1995 með því að sýna ekki fram á öryggi fimm tegunda snuddubanda undir heitinu „Snudduband“ og tveggja tegunda snuddubanda undir heitinu „Snuddubond 3 saman“ (sjá fylgiskjal), sbr. staðalinn ÍST EN 12586:2007+A1:2011 Hlutir til að nota við barnaumönnun – Snuðkeðja – Öryggiskröfur og þróunarðferðir.“**



Eiderway ehf. hefur einnig brotið gegn 8. og 9. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 3. 5. og 9. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, með því að sýna ekki fram á öryggi „Gersemi körfu“, leggja fram, framkvæma eða láta framkvæma samræmismat og útbúa viðeigandi gögn sem sýna fram á samræmi vörunnar.

Með vísan til 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vörum og opinbera markaðsgæslu og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er Eiderway ehf. bannað að selja og afhenda „Gersemi körfu“ sem enn kunna að vera til á lager hjá fyrirtækinu og gert að innkalla vöruna frá neytendum.


Með vísan til 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vörum og opinbera markaðsgæslu er Eiderway ehf. bannað að selja og afhenda fimm tegundir af snuddubanda undir heitinu „Snudduband“ og tvær tegundir snuddubanda undir heitinu „Snuddubönd 3 saman“ (sjá fylgiskjal).

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 13. mars 2020




Tryggvi Axelsson  
Forstjóri



Fórunn Anna Árnadóttir

## Fylgiskjal

Snuddubönd



## Gersemi karfa

*mosi*

HEIM VÖRUR SKOLMÁLAR

Home > Leikföng

Leikföng

Gersemi körfur  
8.990 kr